

Grímsnes- og Grafningshreppi 8. nóvember 2022

Berist til sveitastjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps


Ágæta sveitarstjórn.

Nokkur undanfarin ár höfum við undirritaðar Elsa Jónsdóttir og Karen Jónsdóttir verið félagar í söngsveitinni „Tvennir tímar“ sem er kór eldri borgara í uppsveitum Árnessýslu. Æfingar fara fram á Flúðum. Kórinn hefur m.a. heimsótt dvalar- og hjúkrunarheimili eldri borgara í Árnes- og Rangárvallasýslu og sungið fyrir og með íbúum. Það hefur verið gert árlega. Einnig hefur kórinn sungið við messur, með öðrum eldri borgara kórum og annað sem til fellur.


Kórinn er með kórstjóra, honum þarf að greiða laun og einnig fellur til ýmis annar kostnaður.

Erindi þessa bréfs er að kanna hvort að sveitarfélagið sjái sér fært að styrkja kórinn okkar um t.d. hundrað þúsund krónur. En varla þarf að taka fram að söngurinn stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu félaganna sem og þeirra sem njóta.

Virðingarfyllst



Elsa Jónsdóttir



Karen Jónsdóttir